

# Umsögn

## um athugasemdir sem bárust á kynningartíma áforma um friðlýsingu votlendissvæðis Fitjaár í Skorradal

Í upphafi árs 2019 fór landeigandi Fitja þess á leit við Umhverfisstofnun að hefja undirbúning friðlýsingar að Fitjum í Skorradal. Í kjölfarið óskaði Umhverfisstofnun, þann 7. febrúar 2019, eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi svæðisins, sem veitt var hinn 28. sama mánaðar. Undirbúningur hófst í kjölfarið og í apríl 2019 var skipaður samstarfshópur sem hefur það hlutverk að vinna að undirbúningi friðlýsingarinnar.

Samstarfshópurinn skipa:

landeigendur Fitja: Hulda Guðmundsdóttir og Jón Arnar Guðmundsson;  
frá Skorradalshreppi: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, Jón Eiríkur Einarsson og Pétur Davíðsson;  
frá Skógræktinni: Valdimar Reynisson;  
frá Ríkiseignum: Marvin Ívarsson;  
frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu: Guðríður Þorvarðardóttir;  
frá Umhverfisstofnun; Eva B. Sólán Hannesdóttir og Jón Björnsson.

Áform um friðlýsingu svæðisins voru auglýst til kynningar þann 1. nóvember 2019, í samræmi við málsmeðferðarreglur 2. og 3. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 3. janúar 2020. Auglýsingin var birt í Lögbirtingarblaðinu og á heimasíðum Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis sem og í Fréttablaðinu og á facebooksíðu Umhverfisstofnunar. Eftirfarandi aðilar fengu einnig erindi þar sem vakin var athygli þeirra á áformunum:

Félag leiðsögumanna  
Ferðafélag Íslands  
Ferðafélagið Útivist  
Ferðamálastofa  
Félag hópferðaleyfishafa  
Fiskistofa  
Forsætisráðuneyti  
Fuglaverndarfélag Íslands  
Flugmálafélag Íslands  
Hafrannsóknastofnun  
ISAVIA  
Landgræðsla ríkisins  
Landsamband hestamanna  
Landsamband veiðifélaga  
Landsamtök hjólræðamanna  
Landsamtök landeigenda  
Landvarðafélag Íslands  
Landvernd  
Landsvirkjun  
Minjastofnun Íslands

Náttúrunefnd Skorradalshrepps  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Náttúrustofa Vesturlands  
Náttúruverndarsamtök Íslands  
Orkustofnun  
Orka náttúrunnar ohf.  
Óbyggðanefnd  
Ríkiseignir  
Samgöngustofa  
Samtök ferðaþjónustunnar  
Samtök náttúrustofa  
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu  
Samtök útivistarfélaga (SAMÚT)  
Skipulagsstofnun  
Skógræktin  
Slysavarnarfélagið Landsbjörg  
Stofnun rannsóknarsetra HÍ  
Vegagerðin  
Veiðifélag Skorradalsvatns

Jafnframt var erindi sama efnis sent 163 eigendum nálægra sumarhúsa í Fitjahlíð við Skorradalsvatn.

Alls bárust 8 athugasemdir og ábendingar á kynningartíma áforma um friðlýsingu svæðisins og hér á eftir er gerð grein fyrir þeim ásamt umsögn Umhverfisstofnunar.

### **Vatnshæð Skorradalsvatns**

*Stjórn Veidifélags Andakílsár* benti á að skert eða ekkert rennsli vatns í Andakílsá, myndi hafa skaðlegar afleiðinga, fyrir lífríki árinna og innan Ramsarsvæðisins í Andakíl. Farið var fram á að í fyrirhuguðum friðlýsingarskilmálum yrðu engin þau ákvæði sem gera kleift að skrífa fyrir rennsli í Andakílsá eða draga úr rennslinu niður fyrir það lágmark sem nú er.

*Lárus Lárusson* fagnar því að friðlýsing geti orðið að veruleika og bendir á að fyrir 1992 hafi engin vandkvæði verið með vatnshæðina í Skorradalsvatni. Engjarnar hafi tekið fljótt við sér á vorin og fuglalíf dafnað vel. Álfir og endur, lómar, himbrimar og fleiri tegundir áttu þar griðarstað. Árið 1992-93 var stíflan hækkuð við ósinn um ca. 50 cm. og brá þá svo við að Fitjaengjar fóru á kaf í vatn með tilheyrandi spjöllum. Oft lá vatn yfir engjarnar langt fram eftir vori. Sérstaklega megi nefna þann stað sem nefndur er Skrubba. Þar megi sjá stórt svæði þar sem rot er komið í torfunna, þar hefur fuglalíf minnkað og þrífst illa vegna vatnságangs. Vatnssöfnun á svæðinu veldur eyðileggingu.

*Orka náttúrunnar* (ON) benti á að áform um friðlýsingu votlendisins nái til starfssvæðis ON þar sem ON rekur Andakílvirkjun og nýtir vatnasvið Andakílsár til vatnsmiðlunar þ.m.t. Fitjaá og Skorradalsvatn. Síðan ON tók við rekstri Andakílvirkjunar árið 2002 hefur verið unnið að því að ná betri stýringu á vatnshæð og sveiflur á vatnsyfirborði Skorradalsvatns en vatnshæð Skorradalsvatns og sveiflan á vatninu er afmörkuð af keyrsluáætlun Andakílvirkjunar. Í keyrsluáætluninni er tekið tillit til lífríkis bæði fyrir ofan og neðan virkjun. Unnið er að endurskoðun á vatnshæðarmörkum Skorradalsvatn og sveiflum á vatnsyfirborðim m.a. með gerð úrkomulíkans fyrir vatnasvið Skorradalsvatns í samvinnu við Veðurstofu Íslands og með gerð ölduspálíkans í samvinnu við Vegagerðina. Vatnshæðarmæli hefur þegar verið bætt við í austurenda Skorradalsvatns til að unnt sé að fylgjast enn betur með vatnshæðinni. Þessi vinna muni nýtast til að stýra með betri nákvæmni miðluninni í Skorradalsvatni og milda skyndilegar sveiflur í vatnsyfirborði. ON leggur áherslu á að skilmálar fyrirhugaðrar friðlýsingar skerði ekki möguleika ON til að sinna starfsemi sinni/rekstri virkjunar á svæðinu.

### **Viðbrögð Umhverfisstofnunar:**

Tekið er undir mikilvægi þess að skaða ekki verndargildi Ramsarsvæðisins í Andakíl. Umhverfisstofnun telur ekki að fyrirhuguð friðlýsing hafi neikvæð áhrif á Ramsarsvæðið né girði Ramsarsvæðið fyrir fyrirhugaða friðlýsingu.

Umhverfisstofnun telur að skoða þurfi áhrif mismunandi vatnshæðarmarkna Skorradalsvatns á verndargildi votlendissvæðisins við Fitjaá.

Hinn 27. nóvember 2019 átti Umhverfisstofnun fund með fulltrúum ON, þ.e. umhverfis og landgræðslustjóra, forstöðumanni virkjunar og reksturs og lögmanni ON. Umhverfisstofnun, tjáði að ekki væri stefnt að því með fyrirhugaðri friðlýsingu að hafa áhrif á rekstur Andakílsávirikjunar sem rekin hefur verið síðan 1947 en skoða þurfi hvort og þá hvaða áhrif mismunandi vatnshæð Skorradalsvatn hefur á verndargildi votlendisins.

ON upplýsti að vinna væri hafin við að skýra hvernig rekstrarform hentar og tekur tillit til allra þátta. Unnið væri að gerð nýrrar keyrsluáætlunar. Einnig væri unnið að gerð aðgerðaráætlunar í samráði við landeigendur bæði fyrir ofan og neðan virkjun. Leitast er við að ná sátt við hagsmunaaðila m.a. m.t.t vatnshæðar. Nýverið hefði verið lokið við gerð veðurlíkans sem spáir skilyrðum á svæðinu en með því fáiast vísindalegri nálganir. Þrátt fyrir aukna tækni geti

óviðráðanlega veðurskilyrði þó leitt til frávika sem torvelt kann að vera að bregðast hratt við. Taka þurfi tillit til þessa í reglum um votlendið.

Umhverfisstofnun benti á að í friðlýsingarskilmálum væri oft vísað í stjórnunar- og verndaráætlanir en þær geyma ákvæði sem hægt er að uppfæra á nokkurra ára fresti. Það væri því heppilegra að setja viðmið fram þar.

Ákveðið var að ON sendi Umhverfisstofnun keyrsluáætlunina þegar hún liggur fyrir og að samráð verði haft við ON við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.

Hinn 23. janúar 2020 átti Umhverfisstofnun fund með Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) vegna hugsanlegra áhrifa starfsemi ON á verndargildi votlendisins. Fram kom að eðlilegt sé að breytingar séu á votlendissvæðum hvort sem þær eru veðurfarslegar, manngerðar eða vegna loftlagsbreytinga. Þá benti NÍ á að grunnvatnsstaða hefur meiri áhrif á vatnsstöðu í votlendi heldur en vatnshæð Skorradalsvatns. NÍ taldi ekki að votlendissvæðið hefði breyst svo mjög í gegnum árin að áhrif hafi haft á verndargildi votlendissvæðisins.

Í febrúar 2020 átti Umhverfisstofnun fund með votlendissérfræðingum náttúrustofu Kópavogs (NK) og einnig símafund með Hafrannsóknastofnun. Ekki var talið mögulegt að setja fram ákveðna tölu um hvað gæti talist náttúruleg grunnvatnsstaða enda kunna fleiri þættir að hafa áhrif þar á.

### **Afmörkun svæðisins**

*Náttúrufræðistofnun Íslands* vísar til mats stofnunarinnar á verndargildi svæðisins en þá var fyrirhugað að stækka friðlandið í Vatnshornsskógi og auk þess að friðlýsa votlendið við ósa Fitjaár. Ekki hafi verið útskýrt hvers vegna nú sé eingöngu gert ráð fyrir að friðlýsa votlendið við Fitjaá. Að öðru leiti tekur Náttúrufræðistofnun undir að votlendið við Fitjaá verði friðlýst sem og þau markmið sem eiga að nást með friðlýsingunni.

*Landeigendur Fitja* telja rétt að breyta lítillaga afmörkun svæðisins frá auglýstum áformum, þ.e. að fella út svæði sem ekki er votlend en um er að ræða malartekjusvæði, bílastæði og borholu kaldavatns sem landeigendur telja rétt að undanskilja.

*Vegagerðin* bendir á að skv. vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m. til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m. frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. Skorradalsvegur nr. 508-03 er tengivegur og er því veghelgunarsvæði hans 15 m.

*Skógræktin* gerir ekki athugasemdir við áform Umhverfisstofnunar um að friðlýsa votlendissvæðið og óshólma Fitjaár í Skorradal. Skógræktin telur að þetta sé góð viðbót við aðra náttúruvernd í Skorradal.

*Hafrannsóknastofnun* gerir ekki athugasemdir vegna áforma um friðlýsingu neðsta hluta Fitjaár, enda ættu slík áform ekki að hafa nein áhrif á urriðastofn Fitjaár og þýðingu hans fyrir urriðastofninn í Skorradalsvatni.

### **Viðbrögð við athugasemdum**

Við upphaf undirbúnings tillögunnar um friðlýsinguna lýsti Skógræktin sig andsnúna friðlýsingu Vatnshornshlíðar en Skógræktin er, ásamt Ríkissjóði, umráðandi landsins. Þá vildi

sveitarfélagið vinna að friðlýsingu votlendissvæðisins en ekki Vatnshornshlíðarinnar að svo stöddu.

Umhverfisstofnun tekur undir það að undaskilja megi malartekjusvæðið. Hvað borholuna varðar bendir stofnunin á að vegna nálægðar við fyrirhugað friðlýst svæði kann 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að eiga við. Ákvæðið mælir fyrir um að ef framkvæmdir utan friðlýsta svæðis, sem eru leyfisskyldar samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins er skylt að taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar áður en skílt leyfi er veitt og heimilt er að setja slíkum framkvæmdum skilyrði til að koma í veg fyrir skaða á hinu friðlýsta svæði. Um aðrar framkvæmdir gildi aðgæsluskylda skv. 6. gr. sömu laga.

Tekið verður tillit til þess að um viðhald vega fer eftir ákvæðum vegalaga nr. 80/2007 og að framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.

Reykjavík, 3.3.2020  
UST201902-070/EBSH  
09.03.